



Borgarráð

Erindisbréf stýrihóps um samnýtingu skóla- og frístundahúsnæðis

Hjálagt erindisbréf stýrihóps um samnýtingu skóla- og frístundahúsnæðis er lagt fram til samþykktar. Óskað er eftir því að borgarráð samþykki skipan fulltrúa meirihlutans og tilnefni fulltrúa frá minnihluta.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps um samnýtingu skóla- og frístundahúsnæðis.

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um samnýtingu skóla- og frístundahúsnæðis

Ábyrgðaraðili:
Borgarstjóri.

Inngangur:

Í framtíðarsýn Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 er lögð áhersla á að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Í stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf sem gefin var út í ársbyrjun 2022 kemur m.a. tryggja þurfi að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að þátttöku, heilbrigði, öryggi og vellíðan barna og starfsfólks. Samkvæmt stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík til 2025 er almennt gert ráð fyrir því að starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva fari fram í húsnæði grunnskóla. Þegar skóla- og frístundasvið (SFS) var stofnað árið 2011 fluttist rekstur frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva, frístundaklúbba, frístundaheimila o.fl. frá íþrótt- og tómstundasviði (ÍTR) á hið nýstofnaða svið. Á yngsta stigi er skilgreint frístundastarf fyrir 9 ára og yngri að loknum skóladegi og gerðir eru samningar milli grunnskóla og frístundaheimila þar sem fram kemur hvers konar rými frístundaheimili þurfa að búa yfir. Í grunnskólum sem hafa miðstig en ekki unglingsstig þarf að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára. Í félagsmiðstöðvum á unglingsstigi skiptist almennur opnunartíma í starfinu í dagopnun og kvöldopnun. Í húsnæði í eigu borgarinnar þar sem eingöngu er starfrækt frístunda- og/eða félagsstarf gætu legið tækifæri til betri nýtingar á húsnæðinu. Einnig gætu legið tækifæri í betri nýtingu skólahúsnæðis að loknum hefðbundnum skóladegi. Í ljósi þess að þrengt hefur að húsnæðismálum leik- og grunnskóla gætu falist í þessu tækifæri til hagræðingar. Mikilvægt er að leggja áherslu á góða nýtingu á húsnæði í eigu borgarinnar og að rýna nánar hvort tækifæri séu fólgin í betri samnýtingu á skóla- og frístundahúsnæði í eigu Reykjavíkurborgar.

Hlutverk og helstu verkefni:

- Að kortleggja núverandi nýtingu á skóla- og frístundahúsnæði, skoða fyrri tillögur, greiningargögn og ábendingar sem fram hafa komið.
- Að leggja fram útfærðar og kostnaðarmetnar tillögur sem hafi það að markmiði að samþætta betur frístund og skólastarf og samnýta skóla- og frístundahúsnæði í þágu starfsemi Reykjavíkurborgar.

Stýrihópurinn skipa:

Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður
Alexandra Briem
[Nafn] fulltrúi minnihlutans

Starfsmenn:

Ómar Einarsson, fyrrverandi sviðsstjóri ÍTR.
Ragnar Þorsteinsson hjá SFS.



Reykjavíkurborg

Sviðsstjóri og fjármálastjóri SFS
Skrifstofustjóri eignaskrifstofu FAS

Nefndinni er heimilt að leita aðstoðar utanaðkomandi ráðgjafa við störf sín.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu. Þá hefur hópurinn samráð við stýrihóp um mótun framtíðarsýnar og stefnumörkunar um starfsemi Hins hússins og starfshóp um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn starfi til 31. maí 2023.

Reykjavík, 9. febrúar 2023

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri